


Nettengd Biblía fyrir börn kynnir

Jesús og
Lasarus



Höfundur: Edward Hughes

Myndskreytingar: Janie Forest

Aðlaggað af: Ruth Klassen

Þýðandi: Práinn Kristjánsson

Alastair Paterson

Framleiðandi: Bible for Children

www.M1914.org

©2020 Bible for Children, Inc.

Skilmálar: Þér er heimilt að afrita eða prenta
þessa sögu, en ekki selja.



María og Marta voru
áhyggjufullar.

Lasarus,
bróðir
þeirra, ...




... var alvarlega
veikur og væntu
þær að hann
mundi deyja
bráðlega.




Jesús elskaði þessa
litlu fjölskyldu
frá Betaníu.
Þær sendu
eftir honum.



Þegar Jesús heyrði um Lasarus,
sagði hann lærisveinum sínum að
hann mundi lifa af veikindin.



Þó að Jesús væri í margra mílna
fjarlægð, vissi hann nákvæmlega
hvernig þetta mundi enda.



Jesús var um kyrrt í
tvo daga áður en
hann fór til
Betaníu.




Þá sagði hann við lærisveina sína, "Lasarus er dáiinn, og ykkar

vegna gleður það mig að ég var ekki viðstaddur, ...



... svo að þið megið
trúa." Hvað átti
Jesús við með
þessum
orðum?





Þegar
Jesús kom til
Betaníu hafði
Lasarus
verið

dáinn í
fjóra daga.



Líkami
hans, sem
hafði verið
vafinn
líkblæjum,

var grafinn
í helli.



Er Marta tók á móti Jesú, sagði hann, "Bróðir þinn mun rísa upp aftur."



Þá sagði Marta, "Ég veit að hann mun rísa í uppreisunni á efsta degi."



Hún hélt að hún mundi ekki sjá
bróður sinn aftur fyrr en á
efsta degi.



En það var annað sem
Jesús átti við.





“Ég er upprisan
og lífið.” Sagði
Jesús við Mörtu.
“Sá sem trúir á
mig mun lifa
þótt hann
deyi.”






Marta trúði Jesú,
og vissi að hann
var sonur Guðs.
En hvernig mundi
hann nú hjálpa
Lasarusi?



Allir voru sorgbitnir yfir
dauða Lasarusar.



María grét, og vinir þeirra sem
reyndu að hugga hana grétu. Og
Jesús grét líka.



Jesús fór með fólkinu
til grafarinnar.
Það var stór
steinn
fyrir



grafardyrnum.




“Takið steininn
frá!” sagði
Jesús.



Þá sagði Marta, "Drottinn,
það er komin nálykt
af honum. Hann
er búinn
að vera
þar í

fjóra
daga."





Eins og
Jesús hafði
skipað,
steinninn var
tekinn frá. Þá
hóf Jesús upp
augu sín til himna

og fór
með bæn.

Nú var
fólkið að
verða vitni að
kraftaverki sem
sýndi að Jesús
var sonur Guðs.




"Lasarus!"
hrópaði Jesús.
"Komdu út!"
Fólkið hlýtur að
hafa starað í
ofvæni á
hellisdyrnar.



Gat Jesús
virkilega reist
upp dauðan
mann?





JÁ!
Lasarus
kom
gangandi
út úr
hellinum,
umvafinn
líkklaeðum -
LIFANDI!

"Leysið hann," sagði
Jesús, "og látið
hann fara".




Hvílík gleði!
Gráturinn breyttist
í fagnaðaróp.



Jesús hafði staðið við orð sín og reist Lasarus upp frá dauðum.



Sonur Guðs hafði
endurlífgað dauðan
mann.



Margir sem urðu vitni að þessu
kraftaverki Jesú, trúðu á hann.

En aðrir klöguðu hann til
óvina hans - faríseanna
og æðstu
prestanna.



Af öfund og illvilja, ráðlögðu þeir að drepa Jesú. Vitandi hvað til stóð, Jesús ákvað að fara í burtu um tíma.



Jesús og Lasarus

Sögu þessa úr heilagri ritningu, biblíunni,

er að finna í

Jóhannesi 11

"Þegar orð þín ljúkast upp, ljóma þau."

Sálmarnir 119:130



Endir



Þessi biblíusaga er um okkar dýrlega Guð,
sem skapaði okkur, og sem vill að þú
þekkir hann.

Guð veit að við höfum öll gert rangt, sem
hann kallar synd. Hegning syndarinnar er
dauði, en Guð elskar þig svo mikið, að hann
sendi sinn eina son, Jesú, til að deyja á
krossi í hegningarskini fyrir syndir þínar.
Svo vaknaði Jesús aftur til lífs, og fór heim
til himnaríkis. Ef þú trúir á Jesú, og biður
hann að fyrirgefa þér syndir þínar, þá
fyrirgefur hann þér tafarlaust, og kemur til
að lifa í þér, og þú með honum til eilíðar.



Ef þú trúir þessu, segðu þá
eftirfarandi til Guðs:

Kæri Jesús, ég trúi að þú sért Guð, sem
komst í líki manns til að deyja fyrir syndir
mínar, og komst svo aftur til lífs. Ég bið þig
að koma nú inní líf mitt og fyrirgefa mér
syndir mínar, svo ég geti byrjað nýtt líf, og
komið svo til að vera með þér í himnaríki.
Hjálpaðu mér að hlýðnast þér, og lifa fyrir
þig sem barn Guðs. Amen

Lestu biblíuna og talaðu við Guð á
hverjum degi!

